

17. fundur framkvæmda- og veitustjórnar

17. fundur framkvæmda- og veitustjórnar Árborgar, kjörtímabilið 2018-2022, haldinn miðvikudaginn 19. desember 2018 að Austurvegi 67, Selfossi, kl. 17:00.

Mætt:

Tómas Ellert Tómasson, formaður, M-lista

Álfheiður Eymarsdóttir, nefndarmaður, Á-lista

Viktor Pálsson, nefndarmaður, S-lista

Sveinn Ægir Birgisson, nefndarmaður, D-lista

Ragnheiður Guðmundsdóttir, nefndarmaður, D-lista

Jakob Ingvarsson, áheyrnarfulltrúi ungmennaráðs

Jón Tryggvi Guðmundsson, framkvæmda- og veitustjóri

Dagskrá:

Almenn afgreiðslumál	
1.	1811184 – Útistofur við Vallaskóla 2019
	<i>Meirihluti stjórnar samþykkir að bjóða út tvær kennslustofur við Vallaskóla samkvæmt fyrirbyggjandi tæknilýsingu frá Eflu ásamt viðbótum sem ræddar voru á fundinum.</i> Fulltrúar D- lista vilja áréttta að allar lausnir verða skoðaðar fyrir bráðabirgðahúsnaði.
2.	1812119 – Snjómokstur í Árborg 2018-2019

	<p><i>Deildarstjóri framkvæmda og þjónustu kynnti verklagsreglur vetrarþjónustu í sveitarfélaginu. Stjórnin samþykkir að reglurnar verði birtar ásamt uppfærðum snjómoksturskortum á vef sveitarfélagsins.</i></p> <p><i>Stjórnin felur framkvæmdastjóra að senda fyrirspurn til Vegagerðarinnar varðandi uppfærslu á reglum um helmingamokstur á héraðsvegum Vegagerðarinnar.</i></p> <p><i>Stjórnin leggur áherslu á að valdar gönguleiðir, sbr. snjómoksturskort, verði í forgangi í snjómokstri.</i></p>
6.	1812120 – Erindi frá Gagnaveitu Reykjavíkur vegna lagningar ljósleiðara í húseignir Árborgar
	<p><i>Stjórnin fagnar áhuga fjarskiptafyrirtækja á ljósleiðaravæðingu í þéttbýli Árborgar.</i></p> <p><i>Stjórnin samþykkir að ljósleiðari verður lagður í húsnæði sveitarfélagsins enda falli enginn kostnaður á sveitarfélagið og frágangur lagnaleiða verði með fullnægjandi hætti.</i></p>
Erindi til kynningar	
3.	1809151 – Beiðni um samstarf – villikettir í Árborg og handsömun katta
	<p><i>Deildarstjóri framkvæmda og þjónustu kynnti erindi frá Villiköttum. Stjórnin samþykkir að fara í endurskoðun á samþykktum og verklagi vegna gæludýrahalds í sveitarfélaginu.</i></p>
4.	1811237 – Kerfisáætlun Landsnets 2019-2028
5.	1812045 – Viðbragðsáætlun vegna samfélagslegra áfalla í Sveitarfélaginu Árborg
	<p><i>Lokadrög að viðbragðsáætlun vegna samfélagslegra áfalla í Sveitarfélaginu Árborg lögð fram til kynningar.</i></p>

Stjórnin leitaði afbrigða að taka á dagskrá mál nr.1812124 – „Afdrif dýra sem ekki eru sótt eftir handsömun“ og var það samþykkt.

7. 1812124 – Afdrif dýra sem ekki eru sótt eftir handsömun

Deildarstjóri framkvæmda og þjónustu kynnti erindi frá Villiköttum, Dýrahjálpi Íslands og Kattavinafélaginu. Stjórnin samþykkir að fara í endurskoðun á samþykktum og verklagi vegna gæludýrahalds í sveitarfélaginu.

Fundargerð lesin upp og fundi slitið kl: 19:30

Tómas Ellert Tómasson		Álfheiður Eymarsdóttir
Viktor Pálsson		Sveinn Ægir Birgisson
Ragnheiður Guðmundsdóttir		Jakob Ingvarsson
Jón Tryggvi Guðmundsson		